

Alþingi
Erindi nr. P 137/135
komudagur 10.6.2009

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 08. júní 2009

Efni: Umsögn um breytingar á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni,
með síðari breytingum, 3. mál.

Umsögn um:

Eiturefni og hættuleg efni (flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur)

3. mál lagafrumvarp 137. löggjafarþingi.

Í 2. grein, 4. m.gr, um menntun og vottun, segir að starfsmenn sem annist m.a. uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu fastra kælikerfa og fastra slökkvikerfa, sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, skulu hafa vottun. Í lögum 52/1998 og þessu frumvarpi að breytingu á þeim, eru föst og laus kæli- og slökkvikerfi ekki skilgreind.


Í sömu málsgrein segir einnig að þeir sem hljóta vottun skulu hafa lokið námi með fullnægjandi hætti skv. reglugerð sem ráðherra setur.

Samkvæmt 3ju grein á að setja í lögina ákvæði um útgáfu bráðabirgðavottunar, þar sem heimilt verður að meta aðra menntun jafngildi náms skv. 29. gr. Og skal slíkt mat fara fram fyrir 4. júlí 2011.

VM –Félag vélstjóra og málmæknimanna telur að drög þau að námskrá kælivirkja sem liggur hjá menntamálaráðuneytinu eigi að vera grunnur að væntanlegri reglugerð um námskröfur. Það beri því að samþykkja námskrána sem fyrst.

Virðingafyllst,

f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna



Guðmundur P. Ragnarsson, formaður VM.